

Fundargerð.
Stjórnarfundur nr. 114.

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í Stekkjarvík, fimmtudaginn 7. mars kl. 14.00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Sveinn F. Úlfarsson, Hrefna Jóhannesdóttir og áheyrnarfulltrúarnir Snorri Finnlaugsson og Pétur Arason. Einnig sat fundinn Elvar Bjarki Gíslason, verkstjóri hjá Norðurá bs. Hrefna Jóhannesdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir stjórnarfundar nr. 113
2. Tillaga um lokunarsjóð
3. Ársreikningur 2023
4. Gjaldskrá 2024
5. Fjárhagsáætlun 2024-2027
6. Boðun aðalfundar 2024
 - a. Tillaga til aðalfundar
7. Staða framkvæmda við stækkun hólfis
8. Eftirlitsskýrsla UST frá október 2023
 - a. Bréf UST v. olúsmitaðs úrgangs 5.01.24
 - b. Bréf til sveitarfélaga 22.01.24
 - c. Bréf UST til Sambands ísl. sveitarfélaga 30.01.24
 - d. Afrit af bréfi SP heilbrigðisfulltrúa til Urn dags 23.01.24
9. Fjárfestingar í vélum og búnaði
10. Staða og horfur í rekstri
11. Önnur mál

Fundargerð:

1. Fundargerðir stjórnarfundar nr. 113

Fundargerð stjórnarfundar nr. 113, undirrituð og samþykkt formlega.

2. Tillaga um lokunarsjóð

Fyrir fundinum lá tillaga að endurskoðun á árlegu framlagi í lokunarsjóð sem skal nægja fyrir öllum kostnaði við vöktun og frágang urðunarstaðarins þegar honum verður lokað.

Samkvæmt útreikningum Eflu Verkfræðistofu mun kostnaður við lokun urðunarstaðarins við Stekkjarvík, sem áætlað er að muni eiga sér stað árið 2039, og vöktun hans í 30 ár eftir lokun nema um 115 millj. kr. Til að mæta þessum kostnaði hefur verið myndaður sérstakur lokunarsjóður meðal eigin fjár og mun þurfa að leggja í hann um 2,3% af urðunargjaldi árlega

skv. mati Eflu Verkfræðistofu til að hann geti í framtíðinni staðið undir kostnaði við lokun urðunarstaðar félagsins. Sú breyting var gerð á árinu að hækka þetta hlutfall úr 1,8% í 2,3%. Á árinu 2023 voru lagðar 4,8 millj. kr. í lokunarsjóð.

Stjórn Norðurár bs samþykkir að tekið verði 2,3% af urðunargjaldi í lokunarsjóð í stað 1,8%. Ákvörðunin gildir fyrir fjárhagsárið 2023 og þar til annað verður ákveðið. Gert er ráð fyrir endurskoðun á gjaldi í lokunarsjóð fari fram eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

3. Ársreikningur 2023

Magnús stjórnarformaður fór yfir drög að fyrirbyggjandi ársreikning. Tekið var fram að á fundardegi var ársreikningurinn óstaðfestur af endurskoðanda félagsins en verið er að vinna að málinu. Á árinu 2023 voru rekstrartekjur félagsins 211,7 milljónir og hækkuðu um 2,7 millj. kr. milli ára eða rúmt 1%. Hagnaður félagsins á árinu 2023 nam tæpum 53,5 millj. kr. en var 51,5 millj. kr. árið 2022. Eigið fé félagsins í árslok nam 687,5 millj. kr. að meðtöldu stofnfé félagsins að fjárhæð 12,6 millj. kr. en eigið fé var 634,1 millj. kr. á árinu 2022. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn Norðurár bs. samþykkir samhljóða ársreikninginn með þeim fyrirvara að endurskoðun leiði ekki annað í ljós og leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn. Leiði endurskoðun ársreikninga í ljós breytingar á ársreikningi þá verður hann lagður fyrir stjórn aftur.

4. Gjaldskrá 2024

Farið yfir gildandi gjaldskrá Norðurár bs. en hún hefur verið óbreytt frá 1. janúar 2020. Stjórn yfirfór forsendur, rök og áhrif þess að hækka gjaldskrána samkvæmt vísitölu. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

(Pétur Arason vék af fundi kl 14.50 vegna annarra verkefna)

5. Fjárhagsáætlun 2024-2027

Magnús lagði fram uppfærða fjárhagsáætlun fyrir árin 2024-2027. Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að rekstrartekjur aukist í kjölfar gjaldskrárhækkunar, en tillaga þess efnis er til skoðunar hjá stjórninni, en á móti kemur að gert er ráð fyrir minna magni til urðunar. Í fjárhagsáætlun ársins 2024 er meðal annars gert ráð fyrir 210 milljónum í fjárfestingu þ.e. 40 millj. kr. í tæki og 170 í millj. kr. vegna stækkunar á urðunarhólfi. Það var tekið nýtt lán í árslok 2023 uppá 170 milljónir, þ.a.l. er ekki gert ráð fyrir nýrri lántöku. Eldri lánin greiðast öll upp á árinu 2024.

Fjárhagsáætlunin var samþykkt af stjórn og vísað til afgreiðslu aðalfundar.

6. Boðun aðalfundar 2024

Samþykkt að boða til aðalfundar Norðurár bs., 19. mars kl. 13.00 í Menningarhúsinu Miðgarði, Skagafirði. Farið yfir drög að dagskrá og Magnúsi falið að boða fundinn.

Samkvæmt samþykktum félagsins þarf aðalfundur að ákvarða laun stjórnar og því var eftirfarandi tillögu vísað til aðalfundar:

Tillaga um stjórnarlaun

Lagt er til við aðalfund að framvegis taki stjórnarlaun hjá Norðurá bs., mið af launum fulltrúa í fastanefndum sveitarfélagsins Skagafjarðar eins og þau eru birt á heimasíðu sveitarfélagsins hverju sinni. Launin taka mið af þingfarakaupi og voru 1. janúar 2024 samkvæmt því eftirfarandi:

- | | |
|--|-----------|
| • Mánaðarlaun, formaður: 3,2% á mánuði | 46.715 kr |
| • Mánaðarlaun, nefndarmaður og áheyrnarfulltrúi: 1,8% á mánuði | 26.277 kr |
| • Nefndarformaður: 2,5% fyrir hvern fund | 36.496 kr |
| • Nefndarmaður og áheyrnarfulltrúi: 1,6% fyrir hvern fund | 23.357 kr |
| • Varaformaður: 2,5% fyrir hvern fund sem hann stjórnar | 36.496 kr |

7. Staða framkvæmda við stækkun hólfs

Magnús gerði grein fyrir stöðu framkvæmda við stækkun á urðunarhólfi. Verklok í samningi við verktaka voru sett 15. desember 2023 en þegar í ljós kom að þétt leirlög lágu neðar í jarðlögum en gert var ráð fyrir í útboðsgögnum var ákveðið að semja við verktaka um frestun á skilum til vors og endurhanna dúklögn og grunnvatnslagnir. Í kostnaðaráætlun sem Atli Gunnar Arnórsson eftirlitsmaður með verkinu tók saman kemur fram að kostnaður við verkið á árinu 2024 verðir a.m.k. 150 millj. kr. Auk þess er gert ráð fyrir 10% vegna ófyrirséðs kostnaðar og því reiknað með að heildarkostnaður á árinu 2024 verði 165 millj. kr. Búið er að greiða 285 millj. kr. nú þegar. Heildarverkstaða gæti því orðið um 450 millj. kr., sem er um 139% af samningsupphæð sem er 325 mkr. Upphafleg kostnaðaráætlun verkkaupa gerði ráð fyrir 650 millj. kr. og endanlegur framkvæmdakostnaður því um 70% af því viðmiði.

8. Eftirlitsskýrsla UST frá október 2023

- Bréf UST v. olíusmitaðs úrgangs 5.01.24
- Bréf til sveitarfélaga 22.01.24
- Bréf UST til Sambands ísl. sveitarfélaga 30.01.24
- Afrit af bréfi SÞ heilbrigðisfulltrúa til Urn dags 23.01.24

Farið yfir skýrslu UST úr eftirliti þann 24. október 2023 ásamt bréfum er varða málið. Fram kom í eftirlitsskýrslu að verkstjórn urðunarstaðarins væri til fyrirmyndar, þekking á ákvæðum starfsleyfis, tæknileg færni og þjálfun til staðar.

Í bréfi UST v. olíusmitaðs úrgangs dags. 5.01.2024 kemur fram það frávík í eftirliti að óheimilt sé að urða innihald úr olíuskiljum og sandföngum sem teljast spilliefni og í raun allur olíusmitaður jarðvegur þar með.

Fram kom að lokað hafi verið fyrir móttöku á framangreindum úrgangi sem hafi verið urðaður með lífrænum úrgangi og að ekki hafi komið fram nein einkenni mengunar vegna þessa úrgangs við sýnatökur úr fellitönkum eða siturbrunnum á umliðnum árum. Ljóst er að ákvörðun um að loka fyrir móttöku á úrgangi úr olíuskiljum og sandföngum hefur mjög truflandi áhrif á ýmsar rekstrareiningar sem hafa getað afsett þann úrgang í Stekkjarvík. Stjórnin samþykkti því að senda eftirfarandi tillögu til aðalfundar félagsins 2024:

Aðalfundur Norðurár bs haldinn í Varmahlíð 19. mars 2024 beinir þeirri eindregnu áskorun til Umhverfisstofnunar og Umhverfissráðuneytisins að veitt verði tímabundið leyfi til þriggja ára til móttöku á úrgangi úr olíuskiljum og sandföngum á meðan unnið er að gerð regluverks um meðhöndlun, fundnar lausnir til að framkvæma það regluverk og fengið starfsleyfi fyrir þeim lausnum. Fundurinn samþykkir jafnframt að fela stjórn Norðurár bs að taka þátt í áætlanagerð um að finna umræddum úrgangi réttan farveg og vinna að úrvinnslu lausna í samstarfi við aðra hagaðila að málinu.

Greinargerð:

Við eftirlit UST í október sl. á urðunarstaðnum Stekkjarvík var gerð athugasemd við móttöku úrgangs úr olíuskiljum og sandföngurum sem hefur verið urðað með lífrænum úrgangi.

Umhverfisstofnun tilkynnt um það með bréfi 5. janúar 2024. Í úrbótaáætlun urðunarstaðarins er tilgreint að ekki verði tekið á móti framangreindum efnum til urðunar og skráning lífrænnar fitu úr fituskiljum verði sett í sérstakan flokk til aðgreiningar frá sandföngurum skólphreinsistöðva. Í raun táknar þetta að ekki verði tekið á móti úrgangi sem geti innihaldið olíumengun. Það á við um olíugildir við olíuafgreiðslur, bílaþvottastöðvar eða annarsstaðar þar sem olíuleysiefni eru notuð. Sama gildir um olíusmitaðan jarðveg bæði úr umhverfi olíubirgðastöðva og ef til olíumengunarslysa kemur. Það er því ljóst að þar sem aðrar lausnir liggja ekki fyrir mun bann við urðun þessa úrgangsflokks valda annað hvort verulegri truflun á rekstri ákveðinna þjónustuaðila eða leiða til óyndisúrræða af hálfu þeirra sem þurfa að afsetja framangreinda úrgangsflokka.

9. Fjárfestingar í vélum og búnaði

Eins og fram kom í fundargerð síðasta fundar Norðurár bs. var Elvari Bjarka falið að óska eftir tilboði í nýja hjólaskóflu. Á fundinum lá fyrir verðtilboð í Komatsu WA380-8 hjólagröfu frá

Kraftvélum. Innifalið í verði vélar er KOMATSUCARE viðhalds- og þjónustuáætlun í þrjú ár eða að 2000 vst.

Stjórn fór yfir tilboðið og samþykkir að gera ráð fyrir þessari fjárfestingu á árinu.

10. Staða og horfur í rekstri

Elvar Bjarki Gíslason fór yfir stöðu og horfur í rekstri.

Vel hefur gengið að urða að undanfögnu og sorpmagn er í svipuðu magni og undanfarin ár.

Alls hafa komið 3,2 þúsund tonn til urðunar það sem af er þessu ári, að langmestu leyti blandaður úrgangur frá öllum sveitarfélögum eða rúm 70%. Að undanfögnu hefur borið á því að mikil aukning er á efni sem kemur til förgunar með öðru sorpi þrátt fyrir að flokkast sem úrgangur sem má ekki urða. Aðallega er þetta járn sem er sífellt að verða stærra og stærra að umfangi. Alls eru kominn yfir 10 tonn það sem af er ári. Stór hluti af þessu efni kemur frá einum viðskiptaaðila og frá einum upprunastað og eftir ítrekuð samskipti við umrædda aðila virðist viðleitni til úrbóta vera engin. Það er orðið tímafrekt að ná þessu úr urðunarreinum og skortir orðið á aukabúnað á tæki Norðurár til eiga við þetta ef þetta heldur áfram á þennan veg. Málið er í góðum farvegi hjá stjórnarformanni og verkstjóra sem leita allra leiða til úrbóta.

Elvar Bjarki fór yfir verkefni sem hann hefur unnið að frá síðasta fundi stjórnar, 4. desember sl. Meðal annarra verkefna sem Elvari hafa verið falin er að kanna möguleikann á að nýta það metangas sem til fellur á urðunarstaðnum t.d. með framleiðslu á rafmagni gegnum rafstöð sem er knúin af metangasi. Eins er verið að kanna hvort hægt sé að kaupa hjólaskóflu sem gengur fyrir metangasi.

Elvar fór yfir fyrirspurn sem barst Norðurá varðandi móttöku á pressuðum steinullarböggum úr öðrum landshluta en sóknar til Norðurár. Efnið flokkast sem óvirkur og skaðlaus úrgangur. Stjórn Norðurár samþykkir að fela Elvari Bjarka að óska eftir upplýsingum um magn umrædds úrgangs áður en ákvörðun verður tekin um móttöku.

11. Önnur mál

Engin önnur mál og fundi slitið kl 15.50

Hrefna Jóhannesdóttir

Sveinn F. Úlfarsson

Magnús B. Jónsson

Snorri Finnlaugsson

Pétur Arason